



## Heimild Æskulýðsvettvangsins til upplýsingaöflunar úr Sakaskrá ríkisins

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 segir í 3. – 4. mgr. 10. gr.:

“Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs. Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.”

Undirrituð/undirritaður veitir hér með Æskulýðsvettvanginum heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins hvort viðkomandi hefur hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Kjósi undirrituð/undirritaður að afturkalla umboð eða heimild þessa skal það gert skriflega.

Staður: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Undirskrift: \_\_\_\_\_

Kt. \_\_\_\_\_

Vottar að réttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: \_\_\_\_\_

Kt. \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Kt. \_\_\_\_\_